

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jónínu – hluta Minningarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jónína og er hluti Minningarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups, er stofnaður var hinn 1. desember 1991 af vandamönnum til minningar um Pálma Jónsson, Miðleiti 5, Reykjavík. Pálmi fæddist 3. júní 1923 og lést 4. apríl 1991. Verður 1/5 –einn fimmti– hluti minningarsjóðsins yfirfærður til sjóðs þessa.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Minningarsjóðs Pálma Jónssonar að fjárhæð kr. 621.000. Stofnfé þetta má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi háskóla á Íslandi, svo sem vísindalegar rannsóknir sem tengjast skólunum, styðja nemendur og kennara til framhaldsmenntunar og taka þátt í verkefnum sem mega verða skólastarfinu til framdráttar. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita árlega fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni eða þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 2 menn skipaðir til ótiltekins tíma. Í upphafi skipa hana Sigurður Gísli Pálmason, Ásenda 1, Reykjavík og Jónína S. Gísladóttir, Miðleiti 5, Reykjavík. Hverfi stjórnarmaður úr stjórninni, skal sá sem eftir er skipa samstjórnarmann sinn. Hverfi báðir stjórnarmenn úr stjórninni skal stjórnin skipuð mönnum sem fráfarandi stjórn hefur skipað. Hafi engin slík ákvörðun verið tekin skal stjórnin skipuð tveimur af afkomendum Pálma Jónssonar og Jónínu S. Gísladóttur. Skal hlutkesti ráða verði ágreiningur um val þeirra.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

8. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái sem best tilgangi sínum.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki dómsmálaráðherra.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. janúar 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.